

SAMSTARF

FRUMKVÆÐI

Háskólafélag Suðurlands

Tilgangur félagsins er að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags.

Nánari upplýsingar

www.hfsu.is



ÁRSSKÝRSLA
2022

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2022 var um margt svipað og seinni hluti ársins 2021 hvað varðar starfsfólk og verkefni. Til viðbótar við þann hóp sem fyrir var fékk FabLab-ið á haustdögum inn nýjan liðsfélaga í 25% stöðu tæknifulltrúa auk þess sem verkstæðinu bauðst tímabundin aðstoð/starfsþjálfun frá maí fram í október í gegn um Vinnumálastofnun, en nánar má lesa um starfsemi FabLab-sins hér. (setja inn link á starfsskýrslu)

Almenn starfsemi Háskólafélagsins komst hratt og örugglega á réttan kjöl eftir Covid tímabilið og þær breytingar á starfsmannahaldi sem áttu sér stað árið 2021. Við árslok var flest komið í fyrra horf og annað í jafnvel betra horf, enda svona atburðir tilvaldir til þess að uppfæra verkferla og bæta verklag og vinnu. Eftir sem áður horfum við til gilda félagsins um **frumkvæði** og **samstarf** þegar við mótum okkar stefnu eða tökum ákvarðanir um verkefni og/eða samstarf enda gott að geta speglað nýjar hugmyndir í þeim kjarna sem félagið byggir á.

Um leið og ég þakka starfsfólki fyrir þeirra miklu og góðu vinnu og stjórn fyrir gott samstarf á árinu, brettum við upp ermar fyrir komandi verkefnum, sunnlensku samfélagi til heilla.

Ingunn Jóns

Selfossi, maí 2023

Maí 2023

Útgefandi:
Háskólafélag Suðurlands

Ritstjóri:
Ingunn Jónsdóttir

Texti og próförk:
Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir
Magnús St. Magnússon



SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórnarfundir árið 2022 voru fjórir talsins en það er árlegt viðmið um fjölda funda. Aðalfundur félagsins var haldinn 25. apríl og var líkt og undanfarin ár blanda af fjar- og staðfundi, fyrirkomulag sem komst á eftir covid og virðist virka vel ef miðað er við mætingu. Stjórn félagsins skipuðu um áramót Sveinn Aðalsteinsson formaður, Olga Lís Garðarsdóttir, Helga Þorbergsdóttir ritari, Sigurður Þór Sigurðsson, Sigurður Markússon og svo Sæunn Stefánsdóttir sem gekk í stjórn fyrir Rögnvald Ólafsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir sem gekk í stjórn fyrir Kristínu Hermannsdóttur. Vill stjórn þakka bæði Rögnvaldi og Kristínu fyrir sín góðu störf og bjóða Sæunni og Hugrúnu Hörpu velkomnar til starfa.

Háskólafélag Suðurlands var stofnað 19. desember 2007 og er í eigu 14 sveitarfélaga á Suðurlandi auk Sambands sunnlenskra sveitarfélaga. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með því að reka Þekkingarnet á Suðurlandi sem felur í sér að:

- miðla háskólanámi í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi og í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla
- sérsauma endurmenntun sem hæfir atvinnulífinu, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra
- samhæfa og styrkja rannsóknir í fjórðungnum með því að auka samvinnu rannsóknarstofnana og fyrirtækja
- leita eftir og miðla erlendri þekkingu með samvinnu við erlenda aðila á sviði menntunar og rannsókna

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS ER

Hornsteinn að þekkingarneti Suðurlands



HREIÐRIÐ
FRUMKVÖÐLASETUR
SELFÖSSI

Frumkvöðlasetur



Menntahvöt



Visindasjóður



Nemendajónusta
Innovations Support

Nemendajónusta



FABLAB
SELFÖSS

FabLab Selfoss

MANNAUÐUR



BRYNJA HJÁLMTÝSDÓTTIR

Verkefnastjóri í fullu starfi. Heldur utan um Hreiðrið frumkvöðlasetur og sinnir atvinnuráðgjöf fyrir SASS ásamt ýmsum verkefnum fyrir félagið.



GUÐLAUG ÓSK SVANSDÓTTIR

Verkefnastjóri í 70% starfi. Sinnir atvinnuráðgjöf fyrir SASS ásamt tilfallandi verkefnum.



INGIBJÖRG ÁSTA RÚNARSDÓTTIR

Þjónustufulltrúi í 70% starfi. Sinnir nemendabþjónustu félagsins og bókhaldi auk tilfallandi verkefna.



INGUNN JÓNSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri í fullu starfi. Heldur utan um daglegan rekstur félagsins, öflun verkefna og fjármagns auk þess að leiða stefnumótun og framtíðar uppbyggingu.



MAGNÚS ST MAGNÚSSON

Forstöðumaður FabLab smiðju í fullu starfi. Hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.



ÞURÍÐUR INGVARSDÓTTIR

Tæknifulltrúi FabLab smiðju í 25% starfi. Hefur umsjón með grunnskólahluta smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.

HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNAR- RÁÐUNEYTI

Háskólafélag Suðurlands hefur verið með samning við mennta- og menningar málaráðuneyti frá árinu 2015 sem gilda átti til ársins 2017 en hefur síðan þá verið framlengdur, nú síðast til ársloka 2022. Verið er að vinna að nýjum samningi við nýtt ráðuneyti háskóla-iðnaðar og nýsköpunar (HVIN) og standa vonir til þess að gengið verði frá þeim samningi fyrir sumarið 2023. Í samningi félagsins við ráðuneytið eru meginmarkmið hans skilgreind sem þrjúþætt:

- Bæta aðgengi íbúa Suðurlands að námi
- Stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs
- Reka tímabundin átaksverkefni sem stuðla að byggðarþróun og nýsköpun á starfssvæði HfSu

Jafnframt er tekið fram í samningnum að félagið leiði vinnu við þróun þekkingarnets á Suðurlandi sem miðar að samhæfðri starfsemi staðbundinna þekkingarsetra, HfSu og Fræðslunetsins.

NEMENDAKÖNNUN

Nemendakönnun Háskólafélags Suðurlands hefur nú verið lögð fyrir útskriftarnemendur í sunnlenskum framhaldsskólum síðan við lok haustannar 2021 og hafa um 200 útskriftanemar tekið þátt síðan þá. Svörin gefa félaginu góðar upplýsingar um hug þess unga fólks sem stendur á tímamótum hvað varðar framtíðina. Tilgangurinn með nemendakönnuninni er að fá góða sýn á hvert nemendur stefna eftir útskrift. Með þeim upplýsingum er hægt að mæta betur eftirspurn menntunar, og þar af leiðandi hækka menntunarstig á Suðurlandi.



NEMENDAÞJÓNUSTA

Í Fjölheimum er starfrækt viðurkennd prófþjónusta fyrir nemendur, auk þess sem nemendur eru með aðgang að lesstofu og hópavinnuáðstöðu.

Árið 2022 voru prófskráningar 1000 en voru hinsvegar 609 árið 2021. Talsverð fjölgun á prófskráningum hefur því orðið milli ára og sér ekki fyrir endann á henni.

SASS

Drög voru lögð að nýjum samningi við SASS við lok ársins 2021 en eldri samningurinn var síðan árið 2016. Um svipaðan grunn er að ræða í samningunum, með nokkrum áherslubreytingum, þá sérstaklega varðandi skilgreind atvinnusóknarsvæði á Suðurlandi. Félagið mun áfram sinna verkefnum tengdum Uppbyggingarsjóði Suðurlands og tímabundnum áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands.

MENNTAHVÖT

Tilgangur verkefnisins Menntahvöt er að hækka menntunarstig á Suðurlandi með því að auka eftirspurn eftir menntun. Verkefnið átti upphaflega að klárast árið 2021 en vegna aðstæðna sem skópust vegna Covid var því framlengt og kláraðist árið 2022. Í verkefninu var unnið að því að taka saman yfirlit yfir það nám sem í boði er á Suðurlandi með sérstakri áherslu á sveigjanlegt nám og fjarnám sem mögulegt er að sinna án þess að vera innan veggja hefðbundinna menntastofnana. Um bæði framhaldsskóla- og háskólanám er að ræða sem og fjölbreytt almenn námskeið. Auk þess var unnin viðamikil könnun á hugmyndum og þörfum ungs fólks á Suðurlandi þegar kemur að menntun í heimabyggð, en könnunin var unnin í samstarfi við Ungmennaráð Suðurlands. Niðurstöðurnar gáfu góðar vísbendingar um hvert hugur ungs fólks stefnir og eru leiðarvísir fyrir Háskólafélagið um hvert sé vert að stefna þegar kemur að áherslum og samstarfi um nám á háskólastigi.



FJÖLHEIMAR ÞEKKINGARSAMFÉLAG

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi en þar eru skrifstofur starfsmanna og kennslustofur, sem og lesstofa og hópvinnaðstaða fyrir nemendur, auk funda- og viðtalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins, sem er alls 1620 fermetrar, sem er í eigu Sandvíkurseturs ehf, fasteignafélagi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Háskólafélagið og Fræðslunetið eru stærstu notendur hússins, en þar er einnig að finna aðra starfsemi svo sem Birtu starfsendurhæfingu og Markaðsstofu Suðurlands.

Árið 2013 var gerður 10 ára leigusamningur við Sandvíkursetur sem rann út um áramót 2022 en gerður hefur verið tveggja ára samningur um framlengingu svo hægt verði að ákveða hver framtíð Fjölheima verður.

Framkvæmdastjóri Háskólafélagsins heldur utan um rekstur þekkingarsamfélagsins í Fjölheimum sem telur hátt á þriðja tuga starfsmanna og sinnir þjónustu við hundruð nemanda, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi, en þekkingarsetrið sem slíkt nýtur engra styrkja frá opinberum aðilum.

Frekari upplýsingar um starfsemi Fjölheima má nálgast inni á fjolheimar.is

FABLAB SELFOSS

Uppbygging FabLab smiðjunnar í FSu/Hamri á Selfossi hefur haldið áfram. Fjárfstyrkur frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu (nú HVIN) gerði henni kleift að byggja sig upp með tækjakaupum og auka framboð á námskeiðum fyrir framhaldsskólanemendur.

FabLab er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu "Adults on the move" sem ætlað er að hjálpa ungu fólki að efla sig í starfrænni þekkingu og menningu. Nánari upplýsingar um verkefni FabLab Selfoss má nálgast inn á [Facebook síðu](#) þeirra.



SAMTÖK ÞEKINGARSETRA

Háskólafélag Suðurlands er eitt af þeim setrum sem mynda Samtök þekkingarsetra (SPS) en á þeim vettvangi er unnið að þróun og hagsmunum þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni. Háskólafélag Suðurlands hefur sinnt formennsku í SPS frá því í ágúst árið 2022.

SUNNANÁTT OG SÓKNARFÆRI / LÓA NÝSKÖPUNARSTYRKUR LANDSBYGGÐARINNAR

Árið 2022 fékk félagið annan styrk úr Lóu nýsköpunarstyrk fyrir landsbyggðina. Að þessu sinni var verkefnið fyrir Sunnanátt, samstarfsvettvangi Háskólafélags Suðurlands, SASS, Markaðsstofu Suðurlands, Ölfus Cluster, Orkídeu, Kötluseturs, Þekkingarseturs Vestmannaeyja, Kirkjubæjarstofu og Nýheima þekkingarseturs, auk annarra aðila sem áhugasamir eru um nýsköpun og atvinnuþróun á Suðurlandi. Ákveðið var að sameina krafta með SASS og standa fyrir viðskiptahraðli sem fékk heitið Sóknarfæri í nýsköpun, með sérstaka áherslu á orkutengd verkefni, ferðapjónustu, mat og líftækni, og skapandi greinar. Fyrir árslok 2022 voru níu teymi valin til þátttöku en hraðallinn sjálfur hóf göngu sína í janúar 2023.

Lóan er styrkur sem ætlað er að auka við nýsköpun á landsbyggðinni, en styrkjunum er úthlutað til nýsköpunarverkefna utan höfuðborgarsvæðisins. Sjóðnum er einnig ætlað að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun byggða á hugviti, þekkingu og færni, og stuðla að uppbyggingu vistkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðla starf á forsendum svæðanna.



HREIÐRIÐ FRUMKVÖÐLASETUR

Hreiðrið frumkvöðlasetur hefur nú verið rekið í um eitt ár og verið bæði aðstaða og aðstoð fyrir frumkvöðla sem vinna að nýsköpun í vörum og þjónustu. Setrinu er ætlað að taka á mót frumkvöðlum og aðstoða þá við að vinna að sinni nýsköpun með ráðgjöf og leiðsögn. Þannig er unnið að því að gera þá hæfari til þess að móta hugmyndir sínar, fá þá til þess að efla tengsl við aðra í sömu sporum, finna leiðir til þess að sækja um fjármagn og/eða aðrar fjármögnunarleiðir, sem og annað sem hvetur þennan hóp áfram. Markmiðið er að sunnlenskir frumkvöðlar nái að skapa nýjar leiðir í þjónustu eða nýjar vörur sem fjölga störfum og eflir atvinnulíf svæðisins.


Nánar má kynna sér fyrirkomulag setursins hér

GLÓKOLLUR – STYRKIR TIL VERKEFNA OG VIÐBURÐA Á MÁLEFNASVIÐUM HVIN



HREIÐRIÐ
FRUMKVÖÐLASETUR
SELFOSSI

Félagið fékk í árslok 2022 styrk úr **Glókoli** til þess að efla og auka starfsemi Hreiðursins og fjölga þeim um Suðurlandið. Verkefnið felur í sér að kynna hugmyndafræðina í nágrenni setranna í því skyni að auka vitund frumkvöðla og íbúa á þeirri aðstoð og aðstöðu sem þar er veitt auk þeirrar samvinnu sem á sér stað milli Hreiðra.





HÁSKÓLAFÉLAG
SUÐURLANDS

Ársskýrsla 2022